

**Nefndasvið Alþingis**  
**Iðnaðarnefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

24. febrúar 2003  
Skjalanúmer: 110-0  
Tilvísun: U20030200035/kg

**Frumvarp til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, 509. mál**

Vísað er til erinda iðnaðarnefndar, dags. 30. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, 509. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Umhverfisstofnun bendir iðnaðarnefnd á þetta þar sem vísað er til ýmissa framangreindra stofnana í greinargerð og fylgiskjölum með frumvarpinu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins þar sem segir:

*Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki.*

Svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpin er markmið með ákvæðinu að tryggja jafnræði við álagningu skatta eða gjalda á fyrirtæki í landinu. Umhverfisstofnun telur þó að með orðalaginu „... öll önnur fyrirtæki...“ skapist hætta á mistúlkun á ákvæðinu í þá veru að unnt sé að skilja greinina þannig að slík gjöld verði lögð á alla starfsemi hvort sem hún mengar eða ekki og óháð magni og eðli losunarefna. Umhverfisstofnun telur á hinn bóginn líklegt að verði slík gjöld tekin upp muni t.d. vera tekið mið af eðli og magni losunarefna sem koma frá viðkomandi fyrirtækjum - og tæpast verði um nefskatt sem leggst jafnt á öll fyrirtæki að ræða. Með hliðsjón að ofanrituðu leggur stofnunin til að að orðið „öll“ verði tekið út úr 2. mgr. 6. gr.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Sigurbjörg Gísladóttir  
staðgengill forstjóra

Helgi Jensson  
forstöðumaður